

GREINARGERÐ

starfshóps til að vinna tillögur að lagabreytingum og aðgerðum til að verjast kennitöluflakki og til að ná markmiðum laga um jöfnun kynja í stjórnnum fyrirtækja.

1. Inngangur.

Vísað er til verklýsingar dags. 23. nóvember 2012, þar sem hópi ráðuneytisstarfsmanna ásamt ýmsum sérfróðum aðilum var falið að vinna ofangreint verkefni. Skammur frestur til skila byggðist á því að nýta á tillögur og þekkingu sem aflað hefur verið á ýmsum vettvangi. Í þessari greinargerð verður fjallað um viðfangsefnin almennt, tillögur til breytinga á löggjöf og tillögur til breytinga á verklagi og samstarfi milli opinberra aðila.

1.1 Kennitöluflakk

Horft hefur verið á félög með takmarkaðri ábyrgð frá stofnun til slita og leitað leiða til að bæta úr veikleikum í ferlum og verklagi hvort sem það gerir tilkall til lagabreytinga eða ekki. Viðvarandi vanskil á ársreikningum og kennitöluflakk er til þess fallið að draga úr tiltrú á atvinnulífið, bæði heima og erlendis. Getur það gert gangverk viðskipta tregara, hækkað viðskiptakostnað og rýrt viðskiptakjör. Ekki liggur fyrir lagaleg skilgreining á þeirri háttsemi sem gengið hefur undir nafninu „kennitöluflakk“. Oftast er þó átt við ákveðna misnotkun eigenda í skjóli takmarkaðrar ábyrgðar. Felst það í stofnun fyrirtækis í sama atvinnurekstri og það félag sem hefur verið úrskurðað gjaldþrota til að losa undirliggjandi rekstur undan fjárhagslegum skuldbindingum en viðhalda samt eignum. Í slíkum tilvikum sitja birgjar, ríkissjóður og launþegar eftir með kröfur sem ekki fást greiddar og aðrir verða að standa undir t.d. með framlögum í ábyrgðarsjóð launa, hærra vöruverði o.s.frv.

Kerfisbundnar tilfærslur af þessum toga eru til þess fallnar að ýta undir vantraust í garð atvinnulífs og viðbrögð felast í því að auka eftirlit og þyngja refsiramma. Með því eykst kostnaður atvinnulífsins og samkeppnisstaða þeirra sem fara eftir leikreglunum skekkist. Miklir almennir hagsmunir eru því í því fölgendir að koma í veg fyrir háttsemi af þessum toga. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á lögum síðustu árin til að herða á ábyrgð stjórnenda fyrirtækja t.d. 2010 þegar breytt var lögum um gjaldþrotaskipti og virðisaukaskatt.

Nauðsynlegt er að leggja mat á áhrif þegar gerðar breytingar þannig að nýjar tillögur byggist á skilningi á rótum og umfangi vandans. Eftir gögnum frá ríkisskattstjóra að dæma virðist t.d. sem þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar t.d. varðandi heimildir til að stöðva atvinnurekstur, refsa vegna vanskila á vörslusköttum, synja um skráningu og endurskráningu á VSK-skrá og heimildir fyrirtækjaskrár til afskráningar félaga hafi ekki náð þeim árangri sem að var stefnt. Þá hefur heimild ráðherra til að krefjast slita á félögum ekki verið beitt. Starfshópurinn hefur því haft að markmiði að skilgreina í starfi sínu hvar ný gagnsöfnun, skráning og greining á umfangi vandans og rótum er nauðsynleg til að undirbyggja frekari tillögugerð.

Hagstofa Íslands er nú að koma á fót fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar (e. Statistical Business Register). Aflað verður tölulegra upplýsinga til hagskýrslugerðar um öll fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri. Upplýsingarnar lúta m.a. að lýðfræði fyrirtækja, til dæmis stofnun, slitum og samruna og sundrun fyrirtækja. Þá verða reglulega birtar niðurstöður sem geta veitt vísbendingar um kennitöluflakk og þróun þess hér á landi. Áætlað er að fyrstu niðurstöður verði tilbúnar til birtingar á vef Hagstofunnar á árinu 2014. Til að árangur af þessu umbótastarfi Hagstofunnar verði sem skyldi þarf jafnhliða að tryggja betri skil ársreikninga félaga og samhæfa upplýsingaöflun opinberra aðila um skráningu félaga.

1.2 Kynjakvóti

Samþykkt lagafrumvarps um kynjakvóta í mars 2010 byggist á þeim skilningi að íslensku atvinnulífi sé mikilvægt að stjórnir spegli fjölbreytni; hætta fylgi þeirri einsleitni sem víða hefur einkennt atvinnurekstur með stjórnarmönnum af öðru kyni, á svipuðum aldri og með áþekkan bakgrunn varðandi menntun og reynslu. Almennur vilji var til að auka hlut kvenna í stjórnnum stærri fyrirtækja og sérstaklega var rætt um einingar tengdar almannahagsmunum. Lögin gera ráð fyrir því að 1. september 2013 hafi náðst sú jöfnun kynja sem að er stefnt. Nýjasta könnun KPMG bendir þó til að markmiðinu verði ekki náð. Að óbreyttum lögum má spyrja hvaða þýðingu það hafi þar sem engin viðurlagaákvæði sem bíta eru í lögnum.

Í fyrirbyggjandi gögnum kemur fram að hlutfall kvenna í stöðum framkvæmdastjóra, stjórnarformanna og almennra stjórnarmanna er hæst í fyrirtækjum með færri en 10 starfsmenn en lækkar því stærri sem fyrirtækin eru. Samvinna ýmissa aðila s.s. Samtaka atvinnulífsins, Félags kvenna í atvinnurekstri, Viðskiptaráðs og Creditinfo með stuðningi allra flokka á Alþingi, og í góðu samstarfi við stjórnvöld hefur ekki skilað sér í þeirri fjölgun kvenna í stjórnnum stærri fyrirtækja sem stefnt er að. Leggja ber áherslu á að jafna hlutföll kynja í stjórnnum þeirra fyrirtækja sem hafa almannaþýðingu og eru af tiltekinni stærð og þarf lagatextinn að miðast við það. Undirrituð telja ástæðulaust að kynjakvótinn taki til sérhæfðra fyrirtækja og fjölskyldufyrirtækja, sem fallið geta undir núverandi lagaskilgreiningu um fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli t.d. vegna árstíðabundinna sveiflna eða mikils fjölda starfsmanna í hlutastörfum. Skilgreining hvað þetta snertir þarf að vera skýr, markviss og til þess fallin að auðvelt sé að fylgjast með því gegnum fyrirtækjaskrá hvort félög fylgi lögnum.

2. Tillögur að lagabreytingum nú og tengdar tillögur

Lagt er til að þegar í stað verði lögð fram frumvörp til breytinga á lögum um hlutafélög, einkahlutafélög og lögum um ársreikninga. Í fyrsta lagi til að stuðla að því að markmið laga um jöfnun kynja í stjórnnum fyrirtækja náist. Í öðru lagi til að ársreikningum félaga sé skilað tímanlega. Í þriðja lagi til að upplýsingar um eigendur og kynjahlutföll liggi fyrir í ársreikningum. Í fjórða lagi til að lágmarkshlutfé sé til samræmis við það sem gerist í nágrannaríkjum Íslands ásamt því að tekið sé tillit til breytinga á innlendu verðlagi. Í fimmta lagi verði gerð einföld breyting á lögum er varða lán milli dóttur- og móðurfélaga. Verða þessar tillögur og rökin fyrir þeim rakin nánar hér.

Lagt er til að ítarlegri greining á eðli og umfangi kennitöluflakks hér á landi fari fram áður en frekari lagabreytingatillögur hvað þann þáttinn áhrærir verða bornar fram. Framangreindar breytingar, auk væntanlegrar skráningar hjá Hagstofu Íslands, munu sumar hafa mikil áhrif á möguleikana til að fylgjast með fyrirtækjum og bregðast við kennitöluflakki með markvissari hætti en nú er. Að auki er mikilvægt að kortleggja betur nýlega lagasetningu nágrannalandanna bæði á sviði félagaréttar og gjaldþrotaréttar þar sem brugðist er við viðfangsefnum af hliðstæðum toga.

2.1 Jöfnun hlutfalls kynja í stjórnnum

Almennt

Með lögum nr. 13/2010 um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög var m.a. lögfest að í stjórn hlutafélaga og einkahlutafélaga, þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, skyldi tryggt að hlutfall hvors kyns væri

ekki lægra en 40%. Sama skyldi gilda um varamenn. Þá var mælt svo fyrir að í tilkynningum til hlutafélagaskrár um stjórnir skyldi sundurliða upplýsingar um hlutföll kynja í stjórn í félögum. Eins var mælt fyrir um að gætt yrði að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra og fyrirtækjaskrá gefnar upplýsingar í tilkynningum til skrárinnar um hlutföll kynjanna meðal framkvæmdastjóra. Lögin voru samþykkt á Alþingi 4. mars 2010 en ákvæði laganna um kynjahlutföll taka gildi 1. september 2013.

Gerðar eru eftirfarandi tillögur:

a) að viðmið laganna um starfsmannafjölda félags þar sem gæta ber kynjahlutfalls í stjórn verði skýrð. Skilgreiningin „50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli“ hefur reynst ófullnægjandi. Nánari umfjöllun um orðalagið er ekki að finna í lögskýringargöngum og viðmiði af þessum toga er ekki beitt í skatt- eða reikningsskilum félaga. Lagt er til að eftirfarandi kostir til breytinga á gildandi lögum verði bornir saman og sá valinn sem telst skýrari og auðfrankvæmanlegri. (1) Miðað verði við meðalfjölda skráðra starfsmanna á ári og að sá meðalfjöldi sé 75 eða fleiri starfsmenn, án tillits til hvort starfsmenn eru í fullu starfi eða hlutastarfi. (2) Útfærð verði annars konar skilgreining í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga sem taki til svipaðs fjölda félaga og hin fyrri, og vísað verði til þeirrar skilgreiningar í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Óháð því hvor leiðin verður valin, er markmiðið að einfalt verði, bæði fyrir stjórnvöld og stjórnir félaga, að nálgast upplýsingar um hvaða félög falla undir skilgreininguna á hverjum tíma.

b) að áréttað verð að stjórn sem ekki er skipuð í samræmi við ákvæði laganna um kynjahlutföll teljist ekki löglega kjörin og því ekki ályktunarbær. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. 2. tl. 1. mgr. 82. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, skal bú félags tekið til skipta að kröfu ráðherra, tilkynni félagið ekki fyrirtækjaskrá um stjórn eða stjórnarmenn, sem fullnægja lögákveðnum skilyrðum, innan árs frá lokum lögmaelts frests til þess. Ákvæðið getur virkjust m.a. í þeim tilvikum sem stjórn félags er ekki skipuð í samræmi við ákvæði laga um kynjahlutföll. Eins og rakið er síðar er lagt til að í stað ráðherra í áður röktum lagagreinum, komi *fyrirtækjaskrá*. Mun fyrirtækjaskrá því geta framfylgt ákvæðum beggja laga um kynjahlutföll, með því að krefjast skipta á þeim félögum sem ekki fara að lögnum. Sem undanfara að slíkum aðgerðum er lagt til að fyrirtækjaskrá verði veitt lagaheimild til að sekta félög sem ekki virða ákvæði laganna um jöfnun kynjahlutfalla. Þá er lagt til að fyrirtækjaskrá verði heimilt fyrir gildistöku ákvæðanna að birta lista yfir félög þau sem lögin taka til og hvort þau hafi náð þeim markmiðum sem lögin kveða á um. Er gert ráð fyrir að listinn verði uppfærður með reglulegu millibili.

c) að felld verði úr lögum ákvæði sem skylda félög af tiltekinni stærð til að tilkynna fyrirtækjaskrá kynjahlutföll stjórnar, framkvæmdastjórnar og starfsmanna, þ.e. í 1. mgr. 63. gr. og 1. mgr. 64. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. 1. mgr. 39. gr. og 1. mgr. 41. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Er talið heppilegra að slíkra upplýsinga verði krafist í ársreikningum félaga. Þá er hægt vandi fyrir fyrirtækjaskrá að sjá hvert hlutfall kynjanna er í stjórnnum og framkvæmdastjórn á hverjum tíma án þess að tilkynningar þar að lútandi séu sérstaklega sendar skránni.

Fjöldi og gerð félaga sem ákvæðin taka til

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands falla 335 félög undir þá skilgreiningu að vera með 50 eða fleiri starfsmenn að meðaltali á mánuði á árinu 2011. Fjöldi félaga með 75 eða fleiri starfsmenn er 220 og fjöldi félaga með 100 starfsmenn eða fleiri eru 180. Bent hefur verið á að sé miðað við 50 starfsmenn, sé gengið lengra en gert er í Noregi, og miklum mun

lengra en gert er ráð fyrir í tillögum Evrópusambandsins um kynjakvóta. Verði farin sú leið við útfærslu að skilgreina frekar hvaða félög falli undir ákvæði um kynjakvóta í lögum nr. 3/2006 er gert ráð fyrir að sú skilgreining nái til sama fjölda félaga og teljast samkvæmt framansögðu vera með 75 starfsmenn eða fleiri að meðaltali á ári.

2.2 Trygg skil ársreikninga

Almennt

Vakin hefur verið athygli á að skil ársreikninga þurfi að fela í sér sundurliðaðar upplýsingar á samþýðanlegu tölvutæku formi svo að hægt sé að vinna úr gögnunum. Er það, ásamt því að ársreikningum sé skilað tímanlega, grundvöllur þess að Hagstofa Íslands geti aflað tölulegra upplýsinga til hagskýrslugerðar um öll félög í atvinnurekstri. Með lögum nr. 160/2006 var fyrirtækjaskrá veitt heimild til að leggja sektir á þau félög sem ekki skila ársreikningum tímanlega. Skil ársreikninga hafa stórbatnað í kjölfarið en þó eru vanskil enn töluverð. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækjaskrá ber 33.071 félagi að skila ársreikningi fyrir árið 2011. Þar af hafa um 8.288 félög enn ekki skilað ársreikningi, eða um 25.1%. Af þeim félögum hafa hins vegar 2.492 félög verið afskráð úr skránni og 898 félög verið úrskurðuð gjaldþrota. Eftir standa 4.898 félög sem ekki hafa skilað ársreikningi. Fjöldi félaga sem ekki hafa skilað ársreikningi í þrjú ár eða lengur er um 900 og fjöldi félaga sem ekki hafa skilað ársreikningi fyrir árin 2011 og 2010 er um 1400. Leitast verður við að ráða bót á þessu.

Gerðar eru eftirfarandi tillögur:

- a) að auk nógildandi heimildar fyrirtækjaskrár til að leggja sektir á félög vegna vanskila á ársreikningum verði jafnframt heimilt að leggja sektir vegna vanskila beint á stjórnarmenn, enda hafi félagið ekki greitt sekt innan tiltekins frests. Er breytingin í samræmi við gildandi ákvæði norskra laga um skil ársreikninga. Í dönskum rétti er gengið beint að stjórnarmönnum en félögin ekki sektuð.
- b) að fyrirtækjaskrá fái heimild, sem í nógildandi lögum er hjá ráðherra, til að krefjast skipta á þeim félögum sem ekki hafa skilað ársreikningum fyrir þrjú síðustu reikningsár og jafnframt að ríkissjóður greiði tryggingu vegna skiptakostnaðar. Erfitt er að áætla hver kostnaður við að vísa félögum til skiptameðferðar yrði m.a. vegna þess að gera verður ráð fyrir að setji fyrirtækjaskrá skiptameðferð af stað kerfisbundið muni umtalsverður fjöldi félaga fara að sinna skilum. Þá er líklegt að kostnað ríkissjóðs við að krefjast skipta megi endurheimta að einhverju marki úr þrotabúum við skiptameðferð. Gera verður ráð fyrir að nokkurt álag yrði á dómstóla og skiptastjóra við að annast skipti þeirra félaga sem ekki hafa staðið lögbundin skil en ekki er ljóst hvort gera þurfi sérstakar ráðstafanir vegna þessa. Breytingin er í samræmi við gildandi ákvæði danskra og norskra laga um skil ársreikninga.
- c) að lögum nr. 3/2006 um ársreikninga verði breytt á þann veg að öll félög sem forms síns vegna falla undir lögin, skili ársreikningi, hvort sem þau eru með starfsemi eða ekki. Þykja ekki standa rök til að undanskilja félög með litla eða enga starfsemi frá slíkri skyldu, enda er stjórnendum þeirra í lófa lagið að ganga frá slitum eða afskráningu félagsins, hafi þeir ekki hug á að reka það lengur. Að öðrum kosti beri þeim að standa skil á skattskýrslu, ársreikningi og öðrum lögmæltum gögnum og upplýsingum.
- d) að áfram verði á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins unnið í samvinnu við hagsmunaaðila, ráðuneyti og opinberar stofnanir að því að samhæfa upplýsingaöflun um starfsemi fyrirtækja til að geta betur fylgst með og brugðist við kennitölufлакki. Má sem dæmi nefna að ársreikningaskrá tekur eins og nú er aðeins við ársreikningum á pdf-formi. Því

er ekki unnt að vinna úr þeim upplýsingum sem þar koma fram. Mikilvægt er að upplýsingaskil fyrirtækja verði á formi sem gerir kleift að nýta og samkeyra upplýsingarnar.

2.3 Hækkun lágmarks hlutafjár og greiðsla þess

Almennt

Frá því lög nr. 2/1995 um hlutafélög og lög nr. 138/1994 um einkahlutafélög tóku gildi 1. janúar 1995 hefur lágmarks hlutafé verið óbreytt kr. 4.000.000 í hlutafélögum og kr. 500.000 í einkahlutafélögum og þar með rýrnað mjög miðað við verðlagsþróun. Í Danmörku er lögmaelt lágmarkshlutafé þessarar tegundar félaga töluvert hærra, eða DKK 80.000 í einkahlutafélögum og DKK 500.000 í hlutafélögum. Lágmarkshlutafé er nokkuð hærra í Noregi, eða NOK 100.000 í einkahlutafélögum og NOK 1.000.000 í hlutafélögum. Tryggja þarf að hlutafé í hlutafélögum og einkahlutafélögum sé raunverulega greitt við skráningu þeirra.

Kannað verði hvort:

- a) að lágmarkshlutafé einkahlutafélaga sem starfa skv. lögum nr. 138/1994 verði hækkað úr kr. 500.000 í kr. 1.000.000 og lágmarks hlutafé hlutafélaga sem starfa skv. lögum nr. 2/1995 verði hækkað úr kr. 4.000.000 í kr. 8.000.000.
- b) að kannaðar verði leiðir til að tryggja betur að hlutafé hlutafélaga og einkahlutafélaga sé greitt við skráningu þeirra.

2.4 Upplýsingar um eignarhald

Almennt

Vitneskja um raunverulegt eignarhald félaga er ófullnægjandi til að greina kennitölufلاك. Flest nágrannaríki hafa þróað aðferðafræði um miðlæga skráningu á eignarhaldi. Í reglugerð Evrópuþingsins og –ráðsins frá 2008 er ríkjum Evrópusambandsins gert að kortleggja fyrirtækjahópa og kallaði það á miðlæga skráningu á eignarhaldi. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá árinu 2010 er fjallað um nauðsyn þess að hérland stjórnvöld hafi aðgang að upplýsingum um eignarhald en þar segir í 9. kafla: „Það er ljóst að með sífellt flóknara eignarhaldi er nauðsynlegt að þeir sem sjá um framkvæmd reglna sem ætlað er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og óhóflega samþjöppun hafi aðgang að greinagóðum upplýsingum um eignarhald.“

Í efnahags- og viðskiptanefnd komu nýverið fram tillögur um að í ársreikningum félaga eða fylgiskjali með þeim skuli, með tæmandi hætti, koma fram hverjir séu eigendur félaga. Til að stjórnvöld geti, á hverjum tíma, haft aðgang að réttum upplýsingum um eignarhald þarf þó meira til þar sem ársreikningsskil eru einungis einu sinni á ári en eignarhald félaga getur breyst innan ársins.

Gerðar eru eftirfarandi tillögur:

- a) að félögum þar sem hlutir geta gengið kaupum og sölum verði gert skylt að skrá hjá fyrirtækjaskrá nafn, kennitölu og heimilisfang allra eigenda félagsins, hlutfall eignar hvers og eins og hvaða atkvæðisréttur fylgi hlutum. Fyrirtækjaskrá móttaki rafræna skráningu þessara upplýsinga. Lagt er til að rafræn skráning í fyrirtækjaskrá ráði atkvæðisvægi á hluthafafundum félaga. Þannig skapist hvati til réttrar skráningar.

2.5 Lánveitingar

Almennt

Í 104. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög sbr. 79. gr. laga nr. 138/1994 er fjallað um lánveitingar og tryggingar hlutafélags og/eða einkahlutafélags til hluthafa, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félags eða móðurfélags þess. Í nágildandi lögum er lagt bann við lánveitingu, tryggingu eða framlagningu fjár til fjármögnunar á kaupum á hlutum í félaginu sjálfu eða móðurfélagi þess í ákveðnum tilvikum. Rökin eru þau að notkun fjármuna félagsins til að lána hluthöfum og trúnaðarmönnum eða til að fjármagna kaup eigin hluta verði ekki talin til framdráttar starfsemi félagsins og geti leitt til óréttmæts hagnaðar lántakenda á kostnað félagsins.

Gerðar eru eftirfarandi tillögur:

a) að ráðuneytið skoði hvort gera eigi breytingar á 6. mgr. 104. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 6. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög með það að markmiði að hlutafélag geti ekki veitt lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess. Jafnframt að óheimilt verði að leggja fram fé eða setja fram tryggingu í tengslum við slík kaup. Með breytingunni yrði leitast við að gera skýrari nágildandi rétt þar sem mælt er fyrir um slíkt bann.

3. Tillögur um fræðslu og kröfu til þekkingar á sviði atvinnurekstrar

Almennt

Í nágildandi lögum eru miklar kröfur gerðar til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í félögum og fá þær kröfur staðfestingu í innlendri sem og erlendri dómaframkvæmd.¹ Þegar á reynir hafa stjórnendur og framkvæmdastjórar verið kallaðir til skaðabótaábyrgðar óháð vitneskju þeirra um rekstur og starfsemi félags þar sem þeir sátu í stjórn. Nefna má, að í 115.-118. gr. dönsku hlutafélagalaganna nr. 470/2009 er að finna nokkur nýmæli um skyldur stjórnarmanna sem eru miklum mun ítarlegri en áður var í þarlandum hlutafélagalögum. Eru nýmælin viðleitni til að skerpa á skaðabótaábyrgð ef til kemur. Ákvæði af þessum toga kunna að eiga erindi í íslensk lög enda myndi það skerpa á mögulegri bóta- og refsíábyrgð stjórnarmanna og framkvæmdastjóra m.a. við gjaldþrot félaga.

Ástæða er til að hvetja núverandi og verðandi stjórnarmenn og framkvæmdastjóra í félögum til að kynna sér sem best skyldur og ábyrgð í tengslum við stjórnarsetu og framkvæmdastjórn.

Gerðar eru eftirfarandi tillögur:

a) að stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum sem taka í fyrsta skipti sæti í stjórn eða framkvæmdastjórn félags verði afhent samantekin gögn um réttindi sín, skyldur og ábyrgð í tengslum við rekstur félaga með takmarkaðri ábyrgð. Verði þeir að gefa yfirlýsingu um að hafa kynnt sér gögnin áður en gengið verður frá skráningu þeirra sem stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Slíka yfirlýsingu væri hægt að fella undir stofngögn félaga og tilkynningar um breytingar á stjórnnum félaga.

¹ H 206/1999: Gerð var sú krafa til stjórnarmanna að þau hefði í meginatriðum vitneskju um rekstur félagsins og mikils háttar ráðstafanir. Þeim stóðaði hvorki að bera fyrir sig ókunnugleika í þeim efnum né heldur á þeirri löggjöf sem á hverjum tíma gildir um starfsemi og ákvarðanatöku í hlutafélögum. Ekki voru gerðar síðri kröfur til þeirra sem þetta þó félagið hefði að öllu leyti verið í eigu fjölskyldunnar.

b) að embætti ríkisskattstjóra, í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og fleiri, setji upp sérstakan upplýsinga- og fræðsluvef um stofnsetningu og rekstur félaga með takmarkaða ábyrgð. Upplýsingarnar væru grunnur þeirra samanteknu gagna um réttindi, skyldur og ábyrgð stjórnarmanna/framkvæmdastjóra sem um er fjallað undir staflið a).

c) að aðilar sem annast sí- og endurmenntun verði hvattir til að bjóða upp á námskeið fyrir núverandi eða verðandi stjórnarmenn/framkvæmdastjóra félaga með takmarkaðri ábyrgð.

4. Tillögur um frekari verkefni

Gerðar eru eftirfarandi tillögur:

a) að tekinn verði saman verkferill um öflun og birtingu upplýsinga frá félögum með takmarkaða ábyrgð og samspil og samvinnu opinberra aðila í því efni. Miklu máli skiptir að ríkið nýti það afl sem það hefur til að aga rekstur félaga með takmarkaða ábyrgð. Aðhaldið með rekstri felst ekki síst í aðgangi að réttum upplýsingum með því að tryggja skil félaganna til fyrirtækjaskrár og skattfyrivalda. Þar með geta almenningur, keppinautar, stjórnvöld og aðrir sem hagsmuna hafa að gæta fylgst með upplýsingum sem settar eru fram með samræmdum hætti eftir yfirferð endurskoðenda sem til þess hafa sérstaka löggildingu. Þetta verkefni verði unnið í samvinnu við Hagstofu Íslands.

b) að farið verði yfir og skerpt á verklagi ríkisins sem kröfuhafa í aðdraganda og við skipti félaga með takmarkaða ábyrgð. Ríkið sem kröfuhafi vegna vangreiddra skatta þ.m.t. vörsluskatta og gjalda, hefur mikla hagsmuni af því að gengið sé úr skugga um að ekki hafi verið brotið gegn þeim skyldum sem stjórnendur hafa samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti. Fram hefur komið að oft skorti fé til rannsókna á meðferð eigna félags í aðdraganda slitameðferðar. Frekari rannsókn gæti þó orðið til þess að stjórnendur félaga yrðu skaðabótaskyldir gagnvart þrotabúinu og þannig fengist fé upp í kröfur. Má gera ráð fyrir að ríkissjóður hafi orðið af töluverðum fjármunum vegna þess að hann fylgir ekki eftir kröfum hins opinbera. Frekari rannsókn þrotabúa getur einnig leitt til þess að saksóknara sé gert viðvart um grun um refsivert athæfi. Það er mikilvægur hluti af því að aga umhverfið að vitneskja sé um að ríkissjóður fylgi eftir eigin kröfum af fullum þunga.

c) að leitað verði leiða til að umræða um gjaldþrot og glataðar kröfur byggist á raunhæfum grunni. Kröfur ríkissjóðs sem afskrifast við gjaldþrotaskipti eru oft byggðar á áætlunum skattfyrivalda en ekki raunverulegum umsvifum og rekstri þar sem skattframtölum er ekki skilað. Það er keppikefli að ségreina þær fjárhæðir sem byggjast á áætlunum og reyna að afmarka þær í umræðu um gjaldþrot og glataðar fjárhæðir. Ella verða til ranghugmyndir um fjölda og umsvif fyrirtækja sem raunverulega stunda rekstur í hlutafélagaformi.

d) að stjórnvöld taki til skoðunar tillögur að lagabreytingum og breyttu verklagi sem gerðar eru á minnisblöðum sem lögð hafa verið fram í starfi hópsins og ekki hafa fengið brautargengi hér. Telur starfshópurinn nauðsynlegt að treysta lagaramma þann sem hér um ræðir enn frekar og að þær tillögur sem fram koma í greinargerðinni séu aðeins fyrstu skref í áframhaldandi vinnu við að verjast kennitölufлакki og til að ná markmiðum laga um jöfnun kynja í stjórnnum fyrirtækja. Upplýsingar sem afla má ef tillögum sem hér hafa verið gerðar verður hrundið í framkvæmd ættu að gera stjórnvöldum kleift að greina eðli og umfang kennitöluflakks hér á landi.